

# VILJAVERK Í PALESTÍNU

# Viljaverk í Palestínu



[www.starafugl.is](http://www.starafugl.is)  
2014  
Öll réttindi áskilin.

## Aðfararorð

*Viljaverk í Palestínu* er gefin út þann 22. júlí árið 2014. Sum ljóðanna í henni urðu til löngu fyrr og einhver þeirra hafa birst áður en flest þeirra eru þó ort fyrir þessa bók. Áskorunin sem skáldin fengu fyrir viku var að bregðast með einhverjum hætti við frægu ljóði Kristjáns frá Djúpalæk, *Slyðaskot í Palestínu*. Tekið var fram að þau mættu sjálf túlka hvað fælist í „viðbragði“ – að það þyrfti ekki nauðsynlega að vera nýr texti og gæti þess vegna verið þýðing á hundgömlu kvæði, ef það passaði.

Peir sem lagt hafa vinnu sína í þessa bók hafa gert það án þess að þiggja fyrir það greiðslu og bókinni er dreift frítt á internetinu – megi hún rata sem víðast. Það er trú ritstjóra að hún hafi heppnast miklu betur en nokkur mátti leyfa sér að vona með jafn litlum fyrirvara. Starafugl – ritstjóri og skáld – benda hins vegar þeim sem eru aflögufærir og vilja þakka fyrir sig á neyðarsöfnun Félagsins Ísland-Palestína:

Reikningur: 0542-26-6990

Kt. 520188-1349

Skýring greiðslu:

Neyðaraðstoð við Palestínu

F.h. Starafugls, klukkan að ganga eitt um nótt á þriðjudegi eftir þessa svefnlitlu viku.

Eiríkur Örn Norðdahl, ritstjóri

(sem tók sér bessaleyfi og hafði líka með ljóð eftir sjálfan sig).

# VIÐ FERÐUMST EINS OG ANNAD FÓLK

*Mahmoud Darwish (1941-2008)*

Við ferðumst eins og annað fólk, en snúum ekki aftur til neins líkt og ferðalagið væri vegur skýsins

Við höfum grafið ástvini okkar í skugga skýsins, milli trjárótanna og hvatt konur okkar: Halðið áfram að fæða börn í hundrað ár svo við getum lokið þessari ferð til lands einnar stundar, til eins metra hins ógerlega. Við ferðumst í vögnum sálmanna, sofum í tjöldum spámana okkar og stingum upp kollinum í orðatiltækjum Förfólksins

Við mælum geiminn með nefi stríðsfuglins eða syngjum til að reka brott fjarlægðina og þvo tunglskinsgeislana hreina.

Vegur þinn er langur, og megi þig dreyma sjö konur til að bera leiðina löngu á herðum þínum, og hristu pálmanna handa þeim til að kynnast nöfnum þeirra og þeirri móður sem á að fæða strákinn úr Galíleu

Við eigum land orða. Talaðu, talaðu svo ég megi leggja veg minn um grjót

Við eigum land orða. Talaðu, talaðu svo við fáum greint lokaáfangi þessarar ferðar

(Þýðing: Eyvindur P. Eiríksson. Úr „Vertu“ Andblær 1998.)

# ALLIR MENN ERU BRÆÐUR

*Jón Hallur Stefánsson*

Ég ætlaði að drepa hann pabba þinn  
með sinn fræga traktorsbrandara sem rataði í skáldsögu  
eftir mann sem hann þekkti ekki einu sinni  
og mixteipin sín þar sem Úmm Kalþúm  
er stundum á undan eða eftir Bob Dylan,  
sem eldri bróður hans þykir ganga guðlasti næst  
en hann er nú svo alvörufinn

Ég ætlaði að drepa hann pabba þinn og ísmeygilega  
brosið hans sem sumir hafa gengið svo langt  
að kalla flírulegt en ekki mamma þín, hún  
kallar það hlýlegt, ég  
ætlaði að þrusa þessu flugskeyti beint  
í punginn á honum til að kenna honum lexíu  
sem er frekar fyndið af því að lexíur  
eru hans lífibrauð.

Ég ætlaði að drepa  
reikningstímana hans alla með tölu  
og landafræðitímana líka,  
hvern einasta kennarabrandara  
sem raunar eru farnir að verða  
svolítið vélrænir en hvað með það,  
þeir virka.

Ég ætlaði að þurrka út af yfirborði jarðar  
gamla kækinn hans, að snerta  
nefbroddinn á sér með vísifingri hægri handar  
þegar hann hlustar á eitthvað sem hann er ekki sammála  
og ætlar að hnekkja með traustum rökum.

Ég ætlaði að lækna í honum magasárið  
með róttækri endurskipulagningu  
á kviðarholi hans.

Ég ætlaði að stöðva í eitt skipti fyrir öll  
hinar annáluðu afmælisveislur hans  
þar sem afmælisbarnið leikur gjarnan á takkaharmonikku  
sem skólabróðir hans hafði selt honum  
fyrir slikk.

En nú kannt þú að spyrja,  
eða kynnir ef dáin börn væru gefin fyrir múður,  
hvernig ég þykist vita  
svona mikið um föður barns  
sem ég lenti í því að drepa,  
ásamt reyndar fleira fólki,  
sem ég þekkti ekki heldur,  
og svarið gæti ekki verið  
einfaldara: ég er alls ekki  
að tala um pabba þinn  
heldur pabba minn  
sem ég ræddi við í síma  
ekki löngu eftir að ég drap þig  
og hitt fólkið, þar á meðal  
þrjú börn á skólaaldri. Pabbi  
varð miður sín. Æ,  
drengur, sagði hann,  
ég segi það satt, ég vildi miklu frekar  
að þú hefðir drepið mig, og þá  
einhvern veginn rann upp fyrir mér  
það augljósa að pabbar  
eru pabbar.

# SKOT SEM HÆFIR

*Það Stefánsson*

DEL DEL. DEL DEL.  
DEL DEL, DEL DEL  
DEL DEL.  
DEL DEL DEL DEL DEL.

DEL DEL.  
DEL DEL DEL, DEL DEL  
DEL, DEL DEL DEL,  
DEL DEL DEL DEL, DEL,  
DEL DEL, DEL.

DEL DEL DEL DEL. DEL, DEL DEL.  
DEL DEL DEL, DEL DEL DEL.  
DEL DEL DEL DEL DEL DEL,  
DEL DEL, DEL, DEL DEL,  
DEL, DEL,  
DEL DEL, DEL DEL.

Ég ætlaði að skjóta DEL DEL DEL.

# NÝ UPPGÖTVUN – SAMI STAÐURINN

*Bryndís Björgvinsdóttir*

Norska Biblíufélagið  
hefur ákveðið  
að útrýma orðinu „helvíti“  
úr nýju útgáfu Biblíunnar.

Jand Lindhart biskup segir félagið vel geta komist upp með það.

Prófessor Mogens Müller  
við guðfræðideild Oslóarháskóla  
hefur tekist að sanna  
að í upprunalegu útgáfunni  
hafi orðið „helvíti“  
– eða „gehenna“ –  
aldrei vísað til  
áfangastaðs neðanjarðar.

„Helvíti,“ segir Müller  
„var bara nafnið á forsögulegum stað  
rétt suður af Jerúsalem  
sem fólk þá á dögum  
notaði til að fórna börnum  
og brenna rusl  
og er nú á dögum  
betur þekktur sem  
Palestína<sup>1</sup>.

<sup>1</sup> Müller benti þá einnig á að í Biblíunni  
sé eiginlega ekkert sagt um „helvíti“  
nema að það sé staður án vonar og kærleika  
og að þar sé grátur og gnístan tanna.



# KÍLÓ HEKTÓ DEKA DESÍ

*Bragi Páll*


Það eru fimmþúsund eitthundrað tuttugu og níu kílómetrar frá Íslandi til Palestínu. Exa Peta Tera Gíga Mega Kíló Hektó Dekka Desí Sentí Millí Nanó Píkó Femtó Attó. Ó metrar. Rosa margir. Allavegar er þjáningin svo langt í burtu að öskrin heyrast ekki. Sem betur fer. Börnin er svo mörgum metrum frá mér að ég heyri ekki móður þeirra gráta. Hjúkket. Það eru svo vel einangraðir veggirnir hérna í Kópavoginum að ég verð ekkert var við það þegar systkini mín eru sprengd hérna á Nýbýlaveginum. Tvöfalt gler sko. Tvöfalt bókhald sko. Tvöfalt siðferði sko. Sem betur fer eru líkin sem ég geng framhjá í Kringlunni öðruvísi á litinn en ég. Svo eru konurnar þarna víst kúgaðar. Í búrkum. Þær ættu bara að þakka fyrir að vera drepnar. Þá er ekki verið að brjóta mannréttindi þeirra lengur. Ekkert að þakka. Svo gott að búa á Íslandi. Svo gott að búa nógu langt frá þjóðarmorðunum að glerullin geri það að verkum að ég geti hundsað þau. Exa Peta Tera Gíga Mega Kíló Hektó Dekka Desí Sentí Millí Nanó Píkó Femtó Attó. Það eru fimmþúsund eitthundrað tuttugu og níu kílómetrar frá Íslandi til Palestínu.

# LEIRANDI

*Haukur Már Helgason*

SPENNUMYNDIR ERU MJÖG SORGLEGAR.

MJÖG SORGLEGAR MYNDIR.

 Hér er til dæmis Ryan Gosling alveg að fara að gráta. Hann myndi gráta ef hann bara gæti.

HAHAHAHAHA

LJÓÐ UM DAUÐANN!

HAHAHAHAHA

DAUÐIR GETA EKKI LESIÐ!

HAHAHAHAHA

DAUÐIR GETA EKKI EINU SINNI FARIÐ Á NETIÐ,

FYLGST MEÐ FRÉTTUM,

HVAÐ ÞÁ OPNAÐ BÓK.

MUNURINN:

ÞÚ

ÞÚ DAUÐUR

SVO HAHAHAHAHA

LJÓÐ UM DAUÐANN

LJÓÐ FYRIR ALLA SEM ER VERIÐ AÐ DREPA

SEM VITA EKKERT

ÞAÐAN Í FRÁ EKKERT

HVAÐ ER Í GANGI

HAHAHAHAHA

PLAFF

Augun mín

forviða.

Ég leita stillingar.

Ég stilli leir.

Líf er furðu sjaldgæft.

Mamma, hvað er mannkissaga?

Mann-kyns-saga. Það er allt sem fólk hefur gert og hefur komið fyrir það. Sagan um það allt.

Hvenær var hún búin?

Hún er ekki búin. Hún heldur áfram.

Erum við í henni?

Eh, já. Ætli það ekki. Það hlýtur að vera.

Og hvenær verður hún búin?

Alls ekki strax. Þú skalt ekki hafa neinar áhyggjur, elskan mín.

Hver er að skrifa hana?

Sagnfræðingar. Þeir skoða gamlar bækur og tala við fólk og rannsaka allt sem gerðist til að skrifa þetta allt niður.

Er hægt að biðja þá að skrifa ekki það sem gerðist í gær?

Hvað gerðist í gær?

Það var strítt mér.

Og viltu ekki að það verði í mannkynssögunni?

Nei helst ekki.

Tölum um það þegar við komum heim. Ókei?

Manstu gróðurinn á Íslandi

alltaf á klöpp

umkringdur grjóti

stök strá

flest grátt

og brúnt

eða fölt.

Svo sástu myndir úr

frumskógarrjóðri og

hugsaðir:  
þetta kalla ég náttúru!  
Hitt væri hrat,  
leifar.

En nei, náttúra  
er að mestu leyti  
brún, grá og fól  
og lífið sjaldgæft.

## GLÆSIBÆR

*Salka Guðmundsdóttir*

ég man þegar stelpa var skotin fyrir framan glæsibæ við komum hlaupandi niður álfheimana til að krækja fyrir skriðdreka og heyrðum skothvella bergmála um planið það söng í gaddavírnum við köstuðum okkur bak við sandpokahrúgu í garðinum við fremstu blokkina og hlustuðum á hjörtun í okkur ólmast á meðan hermennirnir þrömmuðu framhá en einn stóð eftir og beygði sig niður andartak áður en hann hörfaði og snerist hratt á hæli við grúfðum okkur niður og það var ekki fyrr en fótatakið var þagnað sem við fíkrúðum okkur nær og komum auga á hana á jörðinni bleikt sollustirðubuff með dreyrrauðum flekkjum

## slysaskot #2

*Sölvi Björn Sigurðsson*

logi á botni himinsins  
svartur, hrokkinn

mamma stokkin  
heim til hafa sig til

þræðir húsin í von um að dregnir  
dökkir á lofti  
dæmi ekki geislarnir anga til svefns:  
nei þeir voru heppnir

liggja í sótinu og svipurinn líkur  
sólinni er skein fyrir löngu  
á næturgöngu  
við múrinn

hann vildi ekki, vinur,  
mín værð og mitt yndi,  
að vopnanna dynur  
hæfði þig ungan

þótt hönd þína tæki hann og bræðra  
blik færði í svefn

hann mundi vel þungann  
á milli okkar  
gat þó ei vitað  
að dökkva litað  
hæfist þitt hjarta til móts  
við himininn svarta

er þú sagðir, í fyrsta sinn:

„mamma, þarna uppi, er þetta ekki  
pabbi minn?“

# Í PALESTÍNU: ÞÁTTASKIL

*Eirtkur Örn Norðdabl*

MARKAR ÞÁTTASKIL ÞESSI LÍNA ÞAÐ HAFNA VERRI BETRI AÐRIR MENN EN ÞÚ STIGIÐ YFIR HANA ÞETTA ER MIKILVÆG LÍNA HÚN MARKAR ÞÁTTASKIL SANNKALLAÐIR HERRAMENN STIGIÐ YFIR HANA OG HER-MENN OG NASISTAHERMENN STIGIÐ YFIR HANA OG NASISTAHERMENN OG ALLIR AÐ DREPA ALLA ÞVERT Á ÞESSA LÍNU SEM MARKAR ÞÁTTASKIL HENNI ER ÆTLAÐ AÐ MÁ ÚT ALLAR AÐRAR LÍNUR OG MARKA ÞÁTTASKIL MÁ ÚT LÍKMERKINGAR OG GANGBRAUTIR OG HÆÐARDRÖG OG ÞÁTTASKIL MÁ ÚT ÞÁTTASKIL ÞETTA ER LÍFLÍNAN MÍN LÓFALÍFLÍNAN MÍN HÚN UMFAÐMAR MENGIÐ MITT KNÚSAR OKKUR SAMAN Í VÆNTUMÞYKJUKLESSU FJÖLSKYLDUNA MÍNA FÓLKIÐ MITT ÁN HENNA ER BARA ÉG OG ÉG ÞOLI EKKI AÐ VERA BARA ÉG ÞVÍ ÉG LIFI FYRIR SAMSTÖÐUNA FYRIR ÁSTINA Á ÞESSU ÖLLU SAMAN FYRIR BRÆÐRALAGIÐ OG SYSTRALAGIÐ OG ÞVERT Á BRÆÐRA- OG SYSTRALAGIÐ SEM HANGIR SAMAN Á ÞESSARI LÍNU BUNDINNI VIÐ SIGLUTRÉ Í ÞESSUM ÓLGUSJÓ SEM MARKAR ÞÁTTA-SKIL OG EF ÞÚ STÍGUR YFIR LÍNUNA SLITNAR HÚN Í SUNDUR VIÐ RÓTINA OG MARKAR EKKI LENGUR ÞÁTTASKIL HELDUR LEYSIST UPP Í FÍNGERT ÞÚÐUR SEM ÞÚ GETUR TEKIÐ Í NÖSINA OG YFIR HVAÐ EIGUM VIÐ AÐ STÍGA EF ÞÚ TEKUR ALLA LÍNUNA Í NÖSINA ÞAÐ LIGGJA ALLIR HLEKKIR TIL PALESTÍNU NÚ ÞEGAR EN VIÐ SENDUM SAMT ALLA HLEKKI TIL PALESTÍNU SENDUM VIÐSKIPTAHLEKKI TIL PALE-STÍNU OG STJÓRN MÁLAHLEKKI TIL PALESTÍNU OG NEYÐARHLEKKI OG SKULDAHLEKKI



OG VÍGBÚN-AÐARHLEKKI TIL PALESTÍNU OG ÖFGATRÚAR-HLEKKI OG PASSLEGRARTRÚARHLEKKI TIL PALE-STÍNU OG JAFNVEL GUÐLEYSISHLEKKI TIL PALE-STÍNU OG GUÐHJÁLPIPÉRHLEKKI OG SENDUM SÁTTASEMJARA TIL PALESTÍNU TIL AÐ SEMJA UM LÍNUNA ÞVÍ VIÐ VITUM VEL OG VIÐ ERUM SANN-  
GJÖRN OG VIÐ ERUM BÚIN SKÝRRI SÝN ÞÓTT ÞAU SÉU ÞAÐ EKKI Í PALESTÍNU OG EKKI ÍSRAEL VIÐ ÞURFUM BARA FLEIRI SÆNSKA SÁTTASEMJARA MÁLAMÍDLARA PRESTA ERINDREKA FLEIRI SVONA VINALEGA ELDRI KARLMENN EÐA HIPPALEGAR KERLINGAR STJÓRN MÁLAMENN MEÐ LÍNUSTRIKUÐ BLÖÐ OG RÚÐUSTRIKUÐ EÐA BARA GOTT EXCELSKJAL VIÐ SENDUM YKKUR EXCELSKJAL SEM MARKAR ÞÁTTASKIL ÞAÐ ER HÉRNA Í VIÐHENGI MEÐ PLÚSUM OG MÍNUSUM ÞETTA ER EINFALT DÆMI ÞEGAR BÚIÐ ER AÐ SETJA ÞAÐ SVONA UPP OG STJÓRN MÁLAMENN MEÐ DIPLOMATÍSKAR VARIR FAGURGALNAR BLÁAR SEM MARKA ÞÁTTASKIL SESTIR Í HELGAN STEIN Í HELGUM BORGUM Á SPJALLI VIÐ HELGA MENN EÐA BARA EINHVERN SEM LÍTUR VEL ÚT Í SJÓNVARPI OG ER MEÐ FLEKKLAUSAN FERIL ENGA BARNANÍÐINGA OG ENGA STRÍÐSGLÆPAMENN OG ENGA GUÐLASTARA EÐA KJAFTATÍKUR BARA SOLID FÓLK MEÐ SÁL MEÐ GOTT KARMA MEÐ SKARPA SÝN MEÐ GÓÐA ÁRU EINHVERN KARISMATÍSKAN SVONA EINSOG GANDHI NEMA AUÐVITAÐ SÆNSKAN EÐA Í VERSTA FALLI NORSKAN OG HANN GETUR SVO SAMIÐ UM LÍNUNA FYRIR OKKUR ÉG MEINA FYRIR YKKUR TAKK FYRIR OG BLESS

# GÓÐIR ERU MARGIR

*Emmalyn Bee*

Nánast lítil, nánast stór.  
Finnst þér gaman að anda?  
Gafstu ástinni gjöf í dag,  
hefurðu nokkuð gleymt mér?

Mig grunar að guðinn þinn áfelli mig,  
finnist ég hafa brugðist.

Gefum ástarinnar gulli gaum,  
gerum öllum greiða!  
Gleðinnar hamur gefst þeim góðu,  
mundu það!

Nánast lítil, nánast stór.  
Geturðu andað áfram?  
Getur verið að hjálp sé gefin  
einungis þeim sem kalla?

Gafstu einhverjum gjöf í dag,  
hefurðu nokkuð gleymt mér?  
Hallaðu höfði og hugsaðu hlýtt  
til annarra, líka mín.

Gleðstu yfir að ég sé hjá þér  
nú þegar minnið dofna.  
Sýndu að þú getir grínast með  
að hafa ekki kallað hærra.

# UM TENGLI VIÐ FAGURFRÆÐI

## HRYÐJUVERKA

*Hjörvar Pétursson*

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á sjúklingum með minnisglöp vegna kúariðu á lokastigi (variant Creutzfeldt-Jakob Disease), sem voru látnir koma ónefndum stjórnámamanni fyrir við ýmiskonar aðstæður tengdar hryðjuverkum, til dæmis í sjálfsmorðssprengjuárásum, netbankarekstri og skotárásum á sumarbúðir... Viðföng voru beðin um að setja saman sitt uppáhalds hryðjuverkafórnarlamb með því að koma höfði stjórnámamannsins fyrir á stafrænt samsettum ljósmyndum af fólki sem látist hafði í hryðjuverkum. Í 82% tilvika urðu fyrir valinu sprengjuárásir, ýmist á Gazaströndina eða Fallujah, með áherslu á sundurtætt barnslík og fosfórbruna. Í framhaldinu var farið af stað með rannsóknir til að skilgreina muninn á fosfórsprengjum og viðurkenndari hryðjuvopnum. Niðurstöður benda til þess að sprengjur með sama framleiðslualdur og meðalaldur þeirra barna sem falla fyrir þeim hafi sterkust örvandi áhrif á áhorfendurna (þetta er staðfest af rannsóknum styrktum af bandaríska varnarmálaráðuneytinu á hinni fullkomnu sprengjuárás). Vonast er til að unnt verði að fullkomna samsetta mynd af stjórnámamanninum og sprengjuárásinni fyrir hámarksörvun áhorfenda.

(Remix á „Why I want to fuck Ronald Reagan“ eftir J.G. Ballard (brot))

# STÍNA

*Bragi Valdimar Skúlason*

Allir strákarirnir voru skotnir í Stínu  
— nema Narfi.

Hann var í hvarfi.

## (sprengju)regn

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir*

Dhalia syrgir í dag mömmu sína, bróður og tvíburasysturnar úr næsta húsi.

þau dóu öll í gær

það rigndi í dag á Íslandi

Dhalia hefur vanist drónunum

hún finnur aflimaða hönd á ströndinni og reynir að muna hvernig hönd mömmu leit út, reynir að muna hvort mamma hafi verið með svona þykkkan þumalfingur

nei, líklegast er þetta karlmannshönd, það glittir í hár á löngutöng undir storknuðu blóði

Samir bróðir hennar var ekki kominn með hár á fingurna hann var 13 ára

það rigndi í dag á Íslandi

dróninn ætlaði ekki að skjóta þabba hans Samirs

hann ætlaði að skjóta Samir, Khaled og alla hina strákana sem voru að spila með honum fótbolta þennan dag

Dhalia veit að hún er feig

hún er ein eftir

þessvegna ráfar hún þarna um óttalaus í leiðslu og hugsar hvort það sé verra að deyja hægt eða hratt

það rigndi í dag á Íslandi

# TRÚÐUR

*Kristian Guttusen*

Spurt er: Hver er þar?

Hér vantar samhljóð. Er  
aðeins ein persóna viðstödd?  
Og hina vantar. Snýst þetta um ást?

Ég dey án þín. Ég er á hraðri  
leið í gröfina, en reyni að  
fíkra mig upp.

Við sjáum uppljómuð vötn,  
rauðan himin.

Hver er þar?  
Allt í kringum okkur liggja hræ.  
Í glóðinni verðum við barin niður.

Við finnum höggin dynja,  
samt erum við alein  
og enginn til að bænheyra okkur.

Þú segir: Kveiktu nú í þér, ég  
kveiki í mér.

Og við hlæjum. Allt mjög  
symmetríkt. Snýst þetta um ást?

Í tilefni afmælisins: Á fæðingardeg  
dauðans, ég elska þig,  
þennan sársauka. Við nærumst  
á  
per  
sónu  
ást.

# TIL AÐ GÆTA

*Kristian Guttusen*

þú ert  
sofandi engill sólufegri  
átján nyrstu eldborgirnar  
tuttuguogeitt stjörnuhrap

sofðu  
svona í hundrað ár og ég  
verð hérna enn til að gæta  
þín þegar sólarskipin sökkva

jafnvel  
þegar sprengjurnar hljóðna  
verð ég hérna tilað gæta  
þín og hrekja vættir burtu

og vígreifa  
sofðu engillinn minn í nótt  
á meðan nákaldir níðingar  
ráfa um meðvitundarlausir

sofðu  
svona í þúsund ár og sjáðu  
átján nyrstu eldborgirnar  
tuttuguogeitt stjörnuhrap

slokkna og skína einsog þú

## KRÓNÍSKT

*Nanna Hlín Halldórsdóttir*

krónískt, liggur skotin  
feilskotin öll  
angarnir mínir, allir angarnir

konurnar sem læra að höndla allt  
þurfa,  
lifa við allar aðstæður

þau sem hafa aldrei þekkt  
öryggi um eigið líf  
þekkja tilverurétt aðeins af skorti

krónískt, krónískt

að lifa fyrir hvern dag og hverja stund, að hlæja þegar hægt er.  
lífspekin segir að taka skuli daginn, lifa í augnablikinu,  
en er það hægt? Er það virkilega hægt þegar augnablikið getur verið  
svona sársaukafullt. Hvar er lifað?



En það er lifað, við viljum lifa, svona mikið viljum við lifa.  
að finna næði til að gleyma stað og stund  
bjarga sér, bjarga sér umlukin bjargleysi  
lífið þarf ekki að vera svona  
af hverju raðast augnablikin þá í átt að óbærileika?  
máttleysið en mátturinn er þarna

við vorum öll einu sinni lítil stúlka

# LANGTÍMAÁÆTLUN

*Eygló Jónsdóttir*

Lítill  
stúlka  
liggur  
brotin  
í Palestínu

En svarið  
get ég  
hjarta mitt  
ég ætlaði...

## TVÆR BORGIR

*Eyrún Ósk Jónsdóttir*

Hér rignir tíðum,  
og sólin felur sig,  
á bakvið skýin.  
Hér flæðir áin  
yfir bakka sína,  
mórauð og aurug.  
Hér kvarta mæður  
yfir hrakviðrinu,  
og sumrinu sem aldrei kom.  
Hér skoppa börnin  
drullug  
í pollunum á götunni.

Þar rignir sprengjum,  
og heimsbyggðin felur sig  
á bakvið skilgreiningar.  
Þar flæðir blóð  
eftir strætunum,  
heitt og svart.  
Þar syrgja mæður  
yfir líkbörunum,  
og sumrinu sem aldrei leið.  
Þar liggja börnin  
brotin  
í pollunum á götunni.

# INNAN GADDAVÍRS OG MÚRA

*Eyvindur Pétur Eiríksson*

horfum spök  
sjáum  
myrk dauðaský  
þykkja  
þungan himin  
hvöss drápsleiftur  
slá  
rauðum eldtungum  
draga  
náblæju um logandi rústir  
hús fólk brennd börn  
skynjum  
samt hraðfleygan tímann  
staldra  
við augnablik ógnarinnar  
grunum  
brátt sama tíma óvæginn  
stíka  
þöglum skrefum til dóms  
yfir helbláum morðingjum lífsins

## útstöð til mossad

*Jón Örn Loðmfjörð (Lommi)*

ekki reðurteppa mig, mossad  
fyrirgefðu, fyrirgefðu, ég ætlaði  
aldrei að vera í löngu sambandi  
við strákinn sem risti hakakrossinn  
í stofuborð foreldra minna  
vildi frekar eiga í stuttum vandræðalegum  
skyndikynnum en óttaðist að ég myndi  
æpa yfirlýsingar í miðjum samförum  
um ranglæti misskiptingar  
mér yrði litið upp undir rússnesku ljósakrónuna  
þar sem feitlagnar flugur flöggra um

ætlaðu að hætta að reðurteppa mig, mossad?

ekki svara – ég veit að það verða engin fleiri  
sprengjutilræði  
nema ef skæruliðar vilja klæðast litríku

Samkvæmt hagfræðingnum Shapley Roth  
hafa venjulegar sprengjuárásir í kaffihúsum Ísraels afar lítil  
sjáanleg áhrif á neysluvenjur fastagesta ef þeir halda lífi.

En þeir einstaklingar sem sækja kaffihúsin sjaldnar eru ólíklegri til  
að vilja sækja staðinn aftur eftir venjulega sprengjuárás.

Ein venjuleg sprengjuárás þýðir því:

\* Minni innkoma fyrir eigendur kaffihúsa

\* Tengslanet fastagesta minnkar

vertu vængmaður minn, mossad!

Ef við sækjum sama staðinn ítrekað aftur og aftur, drekkum sama kaffibollan er ólíklegt að nokkuð komi okkur úr jafnvægi.

ég er á þörfinni, mossad


Það má þó ekki gleyma því að þess á milli sem einstaklingar sprengja upp kaffihús eru þeir rétt eins og við, neytendur. Einstaklinga sem eru neytendur. Það er enginn illmenni 24/7.

Til að viðhalda stöðguleika er því ekki einungis gott að sitja enn sem fastast og drekka sama kaffibollan heldur að ögra, hóta eða sprengja önnur kaffihús. Þannig viðhelst áframhaldandi uppgangur en þó með ögrandi leik og samkeppni.

viltu hætta að reðurteppa mig, mossad.

OJ

*Ásta Fanney Sigurðardóttir*



# FRÍÐARLJÓÐ

*Elísabet Kristín Jökulsdóttir*

Þegar móðir mín grætur  
ríkir friður.

Þegar andlit hennar er orðið að steini  
er stríðið byrjað.



# SÁLMURINN UM STEININN

*Emil Hjörvar Petersen*

Risann ég drap  
slöngvaði steini  
miðaði og hæfði  
ennismiðju

Stóð á herðum hans  
hjó höfuðið af  
hélt því yfir höfði mér  
dimmrautt blóð draup  
í mitt hrokkna  
konungshár

Risann ég drap  
fyrir þabba okkar  
fyrir Landið helga  
fyrir útvalda þjóð  
sem engan vill deyða  
sem þarf á mér að halda  
sama hvað hún segir

Nú drep ég samfeðra anga  
litla anga, litlar stúlkur  
litla Gólfata með slöngvur og steina

Synd þeirra er stór:  
þau teygja anga sína  
um Landið helga!

Burt, hrekjum þau burt  
miðum rifflum og sprengjuvörpum

í miðjuna – engin feilskot

Líkt og pabbi  
læt ég rigna yfir þau  
glóandi kolum  
eldi og brennisteini

Sem risi á toppi Zíon  
stend ég og öskra  
á eftirstandandi angann:  
„Heill þeim er þrífur  
ungbörn þín og slær þeim  
niður við stein.“

# LINA DARDONAH

*Anton Helgi Jónsson*

Hún fetar sig um laskað hús  
með bangsa í fanginu, lítil stúlka.

Í fjarlægum stjórnklefa  
situr ungur karl  
með krullur niður vangana  
maulandi súkkulaði og snakk.

Deyi fólk þá getur það sjálfu sér um kennt.  
Íbúum er alltaf ráðlagt að yfirgefa húsin.

Þeir segja mér ekkert fyrir verkum  
möglæði faðir úti á stétt  
en þegar árásirnar hófust  
var þó enginn eftir innandyra  
nema kannski bangsi með ofsalega rauð eyru.

Herveldið tortryggir ásýnd vanmáttarins  
fjölbýlishús gæti verið bækistöð skæruliða  
leikskólabarn gæti verið dulbúinn vígamaður.

Eftir aðgerðir dagsins hófst leit í rústum  
og tólf ára stúlka, Lina Dardonah  
náðist á mynd  
þar sem hún stígur varfærin  
yfir mulning úr hrundum veggjum:  
Hún heldur á bangsa með ofsalega rauð eyru.

Herveldin ætla sér víst aldrei að drepa börn.  
Hvar ert þú núna, Lina?

Þú sem fannst huggara í rústunum. Lífir þú?

Lina Dardonah

lítil stúlka

með bangsa í fanginu

með ógnvekjandi bangsa í fanginu.

# BJÖRGUNARHRINGIR

*Haukur Ingvarsson*

Barnið heyrir aldrei  
minnst á guð  
nema þegar það hnerrar.

Samt finnst því  
eins og það hafi séð hann  
á byggðasafninu  
hátt upp á vegg  
innan um beisli  
reku, stakan vettling og hvísl.

Barnið man ómögulega  
hvað allt þetta þýðir  
eða til hvers það var notað  
en þegar aðrir hnerra  
hefur það yfir þessi orð:


„Guð hjálpi þér.“

Og svo snýr það sér í hringi

fyrst til öryggis  
síðan til gagns  
og að lokum til gamans.

# liggur skotin anginn

*Ragnbildur Jóhanns*



# HERSVEITIN

*Bjarni Bernharður Bjarnason*

Við keyrðum í gegnum hersveitina. Liðsforinginn taldi fullvíst að skammt yrði þess að bíða að ný víglína yrði mörkuð. Í bítíð næsta morgun myndi flugherinn gera harða napalmárás á fjallshlíðina og grilla fjandmanninn. Herdeildinni hefði orðið vel ágengt undanfarið og gert óvininum talsverðar skráveifur. Að vísu hefðu verið brögð að því að vopnabirgðir hefðu sloppið gegnum fjallaskörð en búið væri að setja undir þann leka. Hugmyndin væri að sigra þennan skrælingjaher með leifturstríði. Hernaður af þessu tagi krefðist mikilla fórnna, en þetta væri mannúðarstríð í þágu hins frjálssborna heims og því yrði að horfa framhjá mannfalli meðal óbreyttra borgara. Senn yrði ógnarstjórnin hrakin frá völdum og nýir herrar myndu setjast í valdastólana. Og þá yrði olúkreppan vestanhafs úr sögunni.

# Í KRAFTI

*Bjarni Bernharður Bjarnason*

Í krafti tegundarinnar tekur þú ótæpilega af gnægðarborðinu.  
Í krafti trúar úthellir þú blóði. Í krafti valds  
undirokar þú minnihlutahópa. Í krafti fordildar sækist þú  
eftir vegtyllum. Í krafti ágirndar safnar þú veraldlegum auði.  
Í krafti hrokans reisir þú musteri yfir eigin bresti.



# VALDATAFL

*Bjarni Bernharður Bjarnason*

Rauf næturkyrrðina  
ískur í hjólbörðum bíls  
sem snarhemlaði.

Út úr svartri limmósínu  
stígu valdsherrar  
með perluskreytt hárið  
bundið í stjörnumakka

á bleikum andlitum  
blóðrisa spádómstákn.

Þeir gengu sendinn stíg  
uns komu að hvítri höll.

\*

Hörpusláttur  
í sölum hinna kaldhömrðu  
tímaþjófa.

Válynd sýnast veður  
í hinu pólitísku tafli  
virðist gruggug fléttan  
hrakstefnan  
skal í hávegu höfð.

Dreyrug er staðan á skákborði þjóðanna.

# VÍGDÆGUR

*Bjarni Bernharður Bjarnason*

Roðar fyrir sólu  
eftir blóðregn

að baki vígdægur  
í landi Abrahams

hin heilögu vígtól  
breiða út boðskap  
kúgunar og dauða.

# ÁKALL

*Bjarni Bernharður Bjarnason*

Takturinn sleginn á húðirnar í dagrenningu.  
Seiðandi trumbuslátturinn er ákall til hinna stríðandi fylkinga  
sem berjast fyrir friði á jörðu. Ákall um að boðskapurinn  
megi skjóta rótum í hjörtum hinna sundurþykku friðarspilla.  
Ákall til hinna gleymdu og týndu í mannhafinu  
að þeim auðnist að stíga út úr myrkri fásinnis  
og finni lífi sínu tilgang í kærleiks- og friðarboðskap.

# HÉR FYRIR VESTAN

*Bjarni Bernharður Bjarnason*

Yndislegt allt hið vestræna.

Yndislegt  
að hafa fæðst  
réttu megin á jarðkúlunni  
inn í heim lífsgæða  
og ört vaxandi framfara

en ekki þar sem vesöldin  
tröllríður mannlífinu

þar sem hungur sverfur að  
og vígtólin þagna ekki.

\*

Gæfumunur  
að tilheyra siðmenningunni  
vera ljós á hörund  
en ekki þeldökkur eða gulur  
búa yfir þekkingu  
og njóta þess er til fellur  
af borði auðmagnsins.

Það skiptir sköpum  
að lifa við efri mörk í staðli  
vera gráðugur

troða ruslfæði og ólyfjan

í líkamann  
án flökurs.

Við hæfi þykir  
að segja:

BRAVO!

þegar tækniundur  
ryðjast inn á markaðinn

en  
sorry

ef annar heimshluti  
verður illa úti vegna stríðsátaka  
eða hungursneyðar.

Það er sko very næs  
hér fyrir vestan.

# ÚR ÁNAUÐ

*Bjarni Bernharður Bjarnason*

Hvort örlar á skímu  
í dumbrauðu myrkrinu

hvort mun nýtt upphaf  
brjóta hlekki  
frelsa bræður vora og systur  
undan oki

hvort mun sem forðum  
opnast hinn mikli sjór  
og hinir þjáðu  
ganga yfir þurrum fótum?

## **ÁMINNING:**

**Neyðarsöfnun Félagsins Ísland-Palestína**

**Reikningur: 0542-26-6990**

**Kt. 520188-1349**

**Skýring greiðslu:**

**Neyðaraðstoð við Palestínu**